

REGLUGERÐ KSÍ

um þátttöku leikmanna í landsliðsverkefnum

1.gr.

Þátttaka í landsleikjum

- 1.1. Félög skulu ávallt heimila leikmönnum sínum þátttöku í landsleikjum. KSÍ skal tilkynna viðkomandi félögum val á leikmönnum í landslið og skulu félögin tilkynna leikmönnum sínum valið.

2.gr.

Þátttaka í æfingum

- 2.1. Félög skulu heimila leikmönnum sínum þátttöku í æfingum og æfingaleikjum karla- og kvennalandsliða undir stjórn landsliðsþjálfara að lágmarki sem hér segir:

	A	U21	U19	U18	U17	U16	U15
Janúar	Æ	Æ	Æ	Æ	Æ	Æ	Æ
Febrúar	Æ	Æ	Æ	Æ	Æ	Æ	Æ
Mars	Æ	Æ	Æ	Æ	Æ	Æ	Æ
Apríl		Æ	Æ	Æ	Æ	Æ	Æ
Maí							
Júní					Æ	Æ	Æ
Júlí							Æ
Ágúst							Æ
September		Æ	Æ	Æ	Æ	Æ	Æ
Október	Æx2	Æx2	Æx2	Æx2	Æx2	Æx2	Æx2
Nóvember	Æx2	Æx2	Æx2	Æx2	Æx2	Æx2	Æx2
Desember	Æx2	Æx2	Æx2	Æx2	Æx2	Æx2	Æx2

- Æ tákna þrjú samfelldir æfingadagar
Æx2 tákna 2x þrjú samfelldir æfingadagar

- 2.2. Þá skulu félög heimila leikmönnum sínum þátttöku í æfingum landsliðs síðustu 4 dagana fyrir landsleik og hafi landslið komist áfram eftir riðlakeppni EM eða HM skulu félög heimila leikmönnum sínum þátttöku í sérstökum undirbúningsæfingum.

KSÍ skal tilkynna félögum val leikmanna á landsliðsæfingar og félögin skulu tilkynna leikmönnum sínum um valið.

3. gr.

Ársáætlun

- 3.1. KSÍ skal eigi síðar en 1. október ár hvert gefa út áætlun um allar æfingar og leiki sem liggja fyrir tímabilið 1. október til 30. september og skulu félögin taka mið af því við skipulagningu æfinga og leikja hjá sér.

4. gr.
Viðurlög

- 4.1. Framkvæmdastjóra KSÍ er heimilt að vísa til aga- og úrskurðarnefndar meintum brotum á ákvæðum reglugerðar þessarar.

5. gr.
Gildistaka

- 5.1. Reglugerð þessi er sett með stoð í 20. grein laga KSÍ og öðlast þegar gildi samkvæmt sömu grein.

Samþykkt af stjórn KSÍ 9. janúar 2020.